

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

Símar: 4312740 og 4312750

netf: heilbrigðiseftirlit@vesturland.is

Hvalfjarðarsveit, 24. febrúar 2015.

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

netf: nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frv. til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, 512. mál
Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) barst tölvupóstur frá Alþingi hinn 10. febrúar s.l. þar sem gefinn er kostur á að gera athugasemdir við drög að fyrirbyggjandi frumvarpi um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

HeV telur nauðsynlegt að setja mjög þröngar skorður um meðferð elds. Brenna um áramót er hefðbundin athöfn sem erfitt er sporna gegn jafnvel þótt mikil mengun geti komið upp á skömmum tíma, sérstaklega í þéttbýli. Þarna er þó um tímabundna athöfn að ræða sem vænta mætti um hver áramót.

HeV telur að leiðbeiningar um bálkesti og brennur sem settar voru 7. desember 2000 hafi skilað ákveðnum árangri og dregið úr brennslu á lífrænum úrgangi um áramót.

Það að setja stærðarmörk vegna brenna, sem ekki þarf að sækja um leyfi fyrir, þ.e. stærðarmörk 1 m³, samræmist ekki fyrrgreindum leiðbeiningum. Þar var stuðst við tímalengd, þ.e. tvær klukkustundir fyrir litlar brennur. HeV er frekar hlynnt þeirri skilgreiningu.

HeV telur að embætti sýslumanna sé gefið fullmikið frelsi til útgáfu leyfa hvort sem er fyrir brennum eða sinubrunum. Embætti sýslumanna hefur ekkert eftirlit með þessum brennum skv. ákvæðum laga og því nauðsynlegt að leitað verði bindandi umsagna til viðkomandi stjórnvalda (sveitarstjórn, slökkvilið, heilbrigðisnefnd).

HeV lítur á sinubruna sem tímaskekkju sem erfitt sé að færa rök fyrir að skili ákveðnum árangri.

Eins og dæmi sanna getur sinubruni auðveldlega farið úr böndunum þrátt fyrir að leyfi hafi fengist hjá viðkomandi stjórnvaldi. Þá skal nefnt að óþægindi sem slíkur brunni veldur getur orðið til þess viðkvæmir einstaklingar (t.d. astmasjúklingar) og börn þurfa að dvelja inni meðan á brunu stendur.

Samkvæmt tillögum í lagafrumvarpinu er gefinn einn mánuður til að halda úti sinubruna, þ.e. 1. apríl til 1. maí ár hvert. Þannig er möguleiki á að heilu héruðin verði reyktmettuð í heilan mánuð á ári hverju íbúum og ferðamönnum til mikilla óþæginda.

Sé það hins vegar vilji löggjafans að leyfa sinubruna verður að gefa almenningi færi á að tjá sig betur um efnið þannig viðhorf þeirra sem verða fyrir óþægindum komi betur fram.

Reykur frá sinumbruna getur borist langa leið í veðurstillum og virðir engin landamerki. Að leyfa sinubruna á lögbýlum getur skapað hættuleg fordæmi. Til eru lögbýli þar sem enginn býr og engin skepna er á beit og því mikil sína til að brenna. Á að leyfa sinubruna á þessum lögbýlum?

Virðingarfyllst,


framkv. stj. heilbrigðiseftirlits.